




Öðruvísi Jóladagatal



-Sælla er að gefa en þiggja

5 ára



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Upplýsingar um SOS Barnaþorpin og dagatalið	3
Fræðsluefni og fjáröflun	4
Hver er tilgangurinn?	5
Umræðupunktur fyrir glugga dagsins	6
1. desember – Maja frá Bosnóu dansar	6
2. desember – Heimsókn til Rússlands.....	7
3. desember – Maya frá Nepal	8
4. desember – Líf barna í barnaþorpinu í Kenú	9
7. desember – Saga Sarajevó	10
8. desember – Janko frá Kósovó	11
9. desember – Dorothy frá Líberíu	12
10. desember – Valdir teiknar	13
11. desember – Dina ætlar að verða kennari	14
14. desember – Amra, Amir, Amira	15
15. desember – Lífið í Sýrlandi	16
16. desember – Tvíburarnir hans Kalla	17
Stafarugl	18

Ekkert barn á að alast upp eitt



Öll börn eiga rétt á umönnun og vernd. Ekkert barn á að þurfa að alast upp eitt. En þrátt fyrir það hefur 1 af hverjum 10 börnum í heiminum misst foreldraumsjón eða á á hættu að missa hana. Það eru 220 milljónir barna. Börn án foreldraumsjónar eiga ekki mikla möguleika á öruggu uppeldi, menntun, heilbrigðisþjónustu eða því að komast út úr vítahring fátæktar. Þegar barn missir umönnun foreldra hefur það alvarlegar afleiðingar fyrir barnið sjálft og samfélagið.

Í Öðruvísi jóladagatali munu nemendur víðs vegar um landið taka höndum saman til að veita viðkvæmstu börnunum umönnun, vernd og öruggt heimili. Þetta verður í fimmta skiptið sem skólabörnum á Íslandi býðst að taka þátt í dagatalinu.

1 af hverjum 10 börnum í heiminum hefur misst foreldraumsjón eða á á hættu að missa hana



Um SOS Barnaþorpin

SOS Barnaþorpin eru alþjóðleg hjálparamtök sem vinna að því markmiði að börn fái að alast upp við góða umönnun hjá stöðugri fjölskyldu. Við störfum víðs vegar um heiminn, í 136 löndum. Svona vinnum við:

Fyrirbyggjandi:

Fjölskylduefningarverkefnið okkar styður við barnafjölskyldur í erfiðum aðstæðum svo þær geti annast börnin sín.

Nýtt heimili: Við tryggjum að börn sem eru ein fái öruggt heimili í SOS fjölskyldu eða annarri fósturfjölskyldu. Þetta á við um börn sem eru munaðarlaus, yfirgefin eða eiga fjölskyldu sem þrátt fyrir stuðning geta ekki veitt fullnægjandi umönnun.

Við styrkjum samfélagið: SOS Barnaþorpin vinna víða um heim að því að koma á góðum skilyrðum og góðri löggjöf fyrir börn. Við stuðlum að því að börn fái að alast upp með systkinum sínum og vinnum gegn fordómum og mismunun barna sem hafa misst fjölskyldur sínar. Í baráttunni fyrir réttindum barna eru SOS Barnaþorpin skýr rödd.

Gagnlegar upplýsingar

Á hverjum skóladegi dagana 1.-16. desember opna nemendur nýjan glugga í jóladagatalinu á heimasíðu SOS Barnaþorpanna: www.sos.is.

Hver gluggi hefur að geyma stutt myndband þar sem nemendurnir fá að kynna börnum frá öðrum löndum.

Í ár ætlum við að heimsækja Bosníu-Hersegóvínu, Rússland, Nepal, Keníu, Kósóvó, Líberíu, Lettland, Sýrland og Eþíópíu.

Eftir hvert myndband gefst nemendum tækifæri til að ræða saman um efni dagsins með aðstoð umræðupunkta.

Stafaruglið verður á sínum stað en nemendur svara einni spurningu á hverjum degi og fá staf að launum. Stafinn setja þau á réttan stað í stafaruglinu og í lok dagatals hafa þau myndað setningu. Kennarar senda svo inn svör úr stafaruglinu í síðasta lagi 17. desember. Dregið verður úr réttum svörum 18. desember.

Síðasti glugginn opnast 16. desember

Heimasíðan og efnið í ár

Allt efni sem nota þarf fyrir Öðruvísi jóladagatal er að finna á heimasíðu SOS Barnaþorpanna:

Öðruvísi jóladagatal

Þar má finna allar helstu upplýsingar um dagatalið, bréf til foreldra (á íslensku, ensku og pólsku), umslög til að safna peningum í, kort af heiminum og gluggana sjálfa. Eingöngu er hægt að opna einn glugga í einu og mun fyrsti glugginn verða aðgengilegur **þriðjudaginn 1. desember**.



Sælla er að gefa en þiggja...

Í stað þess að nemendur fái litla gjöf eða súkkulaðimola að launum leggjum við áherslu á að gefa af okkur. Nemendur geta aðstoðað með létt verkefni heima fyrir, t.d. vaskað upp, bakað, mokað snjóinn eða þurrkað af. Kannski þurfa nágrannarnir einhverja aðstoð fyrir jólin og svo má líka safna dósnum eða halda tombólu.

Á þennan hátt upplifa nemendurnir að þeir hafi sjálfir lagt eitthvað af mörkum, með eigin vinnuframlagi. Hver fjölskylda getur ákveðið hversu mikinn pening hún vill gefa og að sjálfsögðu er það undir hverri fjölskyldu komið hvort hún vilji styrkja verkefnið með peningaupphæð yfir höfuð.

Framlögin í ár fara í verkefni sem vinnur gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í Tógó

Öll framlög sem safnast í ár fara í verkefni SOS Barnaþorpanna í Tógó sem berst gegn ofbeldi og kynferðislegri misneytingu á börnum, þá sérstaklega stúlkum, þar í landi. Verkefnið nær til 40.000 íbúa á svæðinu auk þess sem 640 barnafjölskyldur fá sérstakan stuðning og fræðslu.



Hvað geri ég við peninginn?

Nemendur koma með peninginn í umslagi í skólann, peningurinn er lagður inn á reikning verkefnisins: 130-26-050028, kt. 500289-2529.

Foreldrar geta einnig lagt peninginn beint inn á sama reikning.

Í ár verður líka hægt að greiða með Aur í númerið 123 858 6860 eða @SOS.

Hver er tilgangurinn?

Hvers vegna ætti ég að taka þátt?

Öll börn eiga sömu réttindi, sama hvar þau búa. Börn um allan heim fæðast með sömu getu og hæfileika til að blómstra en stundum hefur umhverfið sem þau alast upp í áhrif á tækifæri þeirra.

Aðal tilgangur dagatalsins er að fræða nemendur. Í ár gægjumst við inn í líf barna víðs vegar um heiminn, kynnumst menningu þeirra og aðstæðum. Við sjáum að þó það sé ýmislegt ólíkt því sem við þekkjum þá er líka margt líkt.

Dagatalið kennir okkur líka að við getum öll hjálpað. Þó að okkur finnst við lítið geta gert eða okkur þykir upphæðin sem við söfnum ekki vera há þá hefur það sannað sig að margt smátt gerir eitt stórt.

Á þeim fjórum árum sem verkefnið hefur staðið yfir hafa íslensk skólabörn safnað á þriðju milljón króna fyrir börn sem búa við bágar aðstæður. Það er vel að verki staðið! Með þessum framlögum hafa börnin áhrif á tækifæri jafnaldra sinna til að blómstra.



Börn hjálpa börnum

Verkefnið sem við söfnum fyrir í ár er á vegum SOS Barnaþorpanna í Tógó.

Verkefninu er ætlað að berjast gegn ofbeldi og kynferðislegri misneytingu á börnum, þá sérstaklega stúlkum, þar í landi.

Verkefnið nær til 40.000 íbúa á svæðinu auk þess sem 640 barnafjölskyldur fá sérstakan stuðning og fræðslu.

Nánar er hægt að lesa um verkefnið í Tógó [hér](#).



Fellaskóli í Fellabæ tók þátt í Öðruvísi jóladagatali árið 2019. Kennarinn Mychelle Lynn Mielnik nýtti jóladagatalið m.a. til að ræða við nemendur sína um þakklæti, hjálpssemi, hamingju, nauðsynjar og langanir.

Eftir hvert myndband spjölluðu þau saman um umræðuefni dagsins. Eitt af bestu samtölunum kom út frá umræðunni um hvernig þau væru að hjálpa börnum í heiminum með því að læra um líf þeirra og aðstæður og hvernig þau gætu lagt hönd á plóg til að hjálpa þeim.

Börnin settu sér markmið til að njóta, gleðja aðra og sýna þakklæti en einnig til að efla sig sjálf.



Nemendur í 2. og 4. bekk Fellaskóla í Fellabæ

Börnin komust að því að það væri mikilvægt að upplýsa og fræða fólk til að vinna gegn fordómum og stuðla að kærleik hvar sem er í heiminum.



1. desember

Maja dansar

Ný og aðeins öðruvísi fjölskylda

Í dag ætlum við að heimsækja Maju sem býr í bænum Gračanica í Bosnía-Hersegóvínu. Þar býr hún hjá SOS-fjölskyldu sinni með stóru systur sinni Aidu ásamt fleiri SOS-systkinum. SOS-mamma hennar, Dinka, segir að Maja sé sú blíðasta og fyndnasta í fjölskyldunni. Við trúum því!



Umræðupunktur

- Fjölskyldur eru af mörgum stærðum og gerðum. Sumar eru kallaðar vísitölufjölskyldur, hjón með tvö börn. Er nauðsynlegt að vera í vísitölufjölskyldu? Er einhver munur á vísitölufjölskyldu og öðrum fjölskyldum? Haldið þið að fólki líði eitthvað öðruvísi þó það sé ekki í vísitölufjölskyldu?
- Maja kom til SOS-fjölskyldu sinnar ásamt systur sinni. Haldið þið að það hafi hjálpað Maju?
- Eigið þið systkini? Hvernig er það að eiga systkini? Hvað er skemmtilegt/hvað er ekki skemmtilegt?
- Var eitthvað í myndbandinu um fjölskyldu Maju sem þið hugsuðuð að væri öðruvísi en hjá ykkar fjölskyldu? Var eitthvað eins?
- Þið tókuð kannski eftir því að það sátu margir til borðs í kvöldmatnum. Er eitthvað öðruvísi að vera í stórum fjölskyldum heldur en litlum? Hvað er öðruvísi og hvað er eins?

Stafarugl dagsins

Hvernig dansar Maja?
Bókstafur 1 fer í reit nr. 4



2. desember

Heimsókn til Rússlands

Allir hjálpast að

Í dag fáum við að kíkja í heimsókn til SOS fjölskyldu í Rússlandi. Þar búa þau Nastya, Sasha, Diana, Andrey og Artyem ásamt SOS mömmu sinni Ninu og aðstoðarkonunni Palinu.

Þó systkinin séu ekki blóðtengd þá búa þau saman eins og venjuleg fjölskylda. Þau taka til í herbergjunum sínum, hjálpa til við matargerðina og leika sér úti í snjónum, hljómar þetta kunnuglega?

Umræðupunktur

- Var eitthvað í myndbandinu sem minnti ykkur á Ísland?
- Hvers vegna finnst Ninu svona mikilvægt að börnin taki þátt í heimilisstörfunum?
- Hvað þurfum við að kunna áður en við flytjum að heiman?
- Stelpurnar voru þrjár saman í herbergi og strákarirnir tveir voru saman í herbergi. Deilið þið ykkar herbergi með einhverjum?
- Eruð þið dugleg að taka til heima hjá ykkur?
- Börnin í myndbandinu eru ekki blóðskyld, þ.e. þau eiga ekki sömu líffræðilegu foreldra. Hvernig haldið þið að þeim líði í SOS fjölskyldunni sinni?

Stafarugl dagsins

Hvað heitir yngsti strákurinn í fjölskyldunni?
Bókstafur 3 fer í reit nr. 10



3. desember

Maya frá Nepal

Fimm árum eftir jarðskjálftann í Nepal

Einhver ykkar munið kannski eftir jarðskjálftanum sem reið yfir Nepal fyrir fimm árum síðan. Byggingar hrundu og vegir eyðilögðust. Rúmlega 8500 manns dóu og tvöfalt fleiri slösuðust. Fjölskyldur sem höfðu misst allt sem þær áttu fengu stuðning til að geta staðið á eigin fótum í gegnum fjölskyldueflingu SOS Barnaþorpanna. Fjölskylda Mayu var ein þeirra. Mamma Mayu fékk aðstoð við að finna vinnu, börnin fengu aðstoð til að ganga í skóla og fjölskyldan fékk húsnæði sem þau leigja. Við hittum Mayu fyrir fimm árum síðan en nú er hún orðin 14 ára og farin að hugsa meira um framtíðina.



Umræðupunktur

- Eftir jarðskjálftann bjuggu Maya og fjölskylda hennar í tjaldi við frumskóginn, rétt hjá tígrisdýrum og fleiri hættulegum dýrum. Þar sinnti Maya líka heimanáminu við kertaljós. Hvernig haldið þið að það hafi verið?
- Maya er glöð að geta nú lokað dyrunum að húsinu sínu. Hvers vegna er það mikilvægt?
- Maya og fjölskylda hennar fá stuðning frá SOS Barnaþorpunum í gegnum fjölskyldueflingu SOS svo börnin þurfi ekki að vinna geti gengið í skóla. Hvers vegna skiptir máli að börn gangi í skóla?
- Maya vill verða lögfræðingur þegar hún verður stór því þá getur hún hjálpað öðrum. Hvað langar ykkur til að verða þegar þið verðið stór?

Stafarugl dagsins

Hvaða náttúruhamfarir er fjallað um í myndbandinu?
Bókstafur 8 fer í reit nr. 13



4. desember

Líf barna í barnþorpinu í Keníu

Aðstoð heima fyrir

Í 32. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna stendur að börn eigi rétt á vernd gegn vinnu sem spillir eða hindrar nám þeirra eða skaðar heilsu þeirra og þroska. Samt sem áður þurfa mörg börn í heiminum enn þá að vinna í stað þess að ganga í skóla eða vinna störf sem eru hættuleg. Það gerist þegar fullorðna fólkið hefur ekki vinnu sem veitir fjölskyldunni næga peninga til að lifa af eða ef börn eiga engan að sem getur annast þau.

En jafnvel þó börn eigi ekki að taka þátt í barnavinnu þá geta börn vel haft ákveðin verkefni heima fyrir sem þau sinna til að hjálpa fjölskyldunni. Það að taka upp úr uppvottavélinni, slá grasið eða taka til í herberginu sínu flokkast ekki undir óhóflega barnavinnu. Það er mikilvægt að barn hjálpi til en það má ekki bitna á skólagöngu þeirra.

Umræðupunktur

- Hafið þið einhverjum skyldum að gegna heima hjá ykkur? Hvaða?
- Hvað finnst ykkur skemmtilegt að hjálpa til með heima? Hvað finnst ykkur leiðinlegt að hjálpa til með heima?
- Hvers vegna er það gott að börn hjálpi til heima fyrir? (Svo fullorðna fólkið hafi ekki allt of mikið að gera, börnin læra að gera hluti sem þau þurfa svo að kunna þegar þau flytja að heiman og þegar barn hjálpar til upplifir það að það hafi eitthvað fram að færa í fjölskyldulífið, kannski fær fjölskyldan þá meiri tíma til að gera eitthvað annað saman?)

Stafarugl dagsins

Hvað sofa börnin með yfir rúmunum sínum?

Bókstafur 4 fer í reit nr. 8

Bókstafur 5 fer í reit nr. 5



7. desember

Saga Sarajevó

Komdu með til Sarajevó

Í dag ætlum við að ferðast til Sarajevó sem er höfuðborg Bosníu-Hersegóvínu. Sarajevó er kannski lítil höfuðborg miðað við aðrar höfuðborgir í Evrópu en þar búa rúmlega 300.000 manns, aðeins færri en á öllu Íslandi. En borgin á sér langa sögu og margir mikilvægir atburðir hafa átt sér stað hérna. Til að kynna borgina fyrir okkur höfum við fengið til liðs við okkur tvær stelpur sem eru í fjölskyldueflingarverkefni SOS Barnaþorpanna í Sarajevó.



Umræðupunktur

- Hefur einhver ykkar komið til Sarajevó?
- Fólk af ólíkum trúarbrögðum hefur búið hlið við hlið í mörg hundruð ár í Sarajevó. Hvað finnst ykkur um það? Hvað er gott við það? Er eitthvað sem getur verið erfitt?
- Í borgarastyrjöldinni í Bosníu-Hersegóvínu árin 1992-1996 létust mörg saklaus börn og enn fleiri slösuðust. Þetta er ein af mörgum hræðilegum afleiðingum stríða og styrjalda. Hvað finnst ykkur um það?
- Tókuð þið eftir stóru ánni sem rann í gegnum miðjan bæinn? Af hverju haldið þið að það séu svona margar mikilvægar borgir í Evrópu sem liggja annað hvort við við sjóinn eða með fram stórrí á?
- Ema og Esma eru stoltar af borginni sinni og vilja endilega sýna hana. Eruð þið stolt af ykkar borg/bæjarfélagi? Ef einhver, sem hefur aldrei komið í þinn bæ áður, heimsækir þig, hvað myndir þú vilja sýna honum/segja honum frá?

Stafarugl dagsins

Hvað heitir áin sem rennur í gegnum bæinn?
Bókstafur 1 fer í reit nr. 14



8. desember

Janko ætlar að verða smiður

Börn eiga rétt á að segja sína skoðun

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að börn hafi rétt til að segja sína skoðun og að á þau sé hlustað. Það er sérstaklega mikilvægt þegar stórar ákvarðanir sem hafa áhrif á börnin eru teknar eins og til dæmis þegar foreldrar sem hafa flutt í sundur ætla að gera ráðstafanir fyrir börnin. Þó fullorðna fólkið telji sig kunna mest og vita best ert þú samt alltaf sérfræðingurinn í því hvernig það er að vera þú. Og það ert þú sem veist hvernig þér líður.

Eins og stendur í Barnasáttmálanum þá á að taka tillit til skoðana barnanna þó það sé fullorðna fólkið sem að lokum tekur ákvörðunina. Engu að síður er það best ef hægt er að finna lausn sem allir eru ánægðir með. Eins og Janko og foreldrar hans gerðu í myndbandi dagsins sem við ætlum nú að horfa á.



Umræðupunktur

- Hvernig finnst ykkur lausnin sem Janko og foreldrar hans sættust á?
- Hafið þið einhvern tímann búið til jólagjöf fyrir fjölskyldu ykkar eða vini?
- Gjöfin sem Janko og pabbi hans eru að útbúa er leyndarmál milli þeirra feðga. Mamma hans veit ekki hvað þetta er. Hvernig haldið þið að hún muni bregðast við þegar hún opnar pakkann sinn?
- Fullorðna fólkið verður oft mjög ánægt með gjafir sem börn þeirra hafa búið til fyrir þau, af hverju ætli það sé?
- Janko fannst að hann þyrfti ekki að fara í skólann því hann gæti lært allt sem hann þyrfti að kunna um smíðsnámið hjá pabba sínum. Af öllu því sem þú lærir í skólanum, hvað finnst þér vera það mikilvægast sem allir ættu að læra sama hvaða starfi maður ætlaði að sinna sem fullorðinn einstaklingur?
- Af hverju skiptir það máli að kunna að lesa og skrifa?
- Af hverju er stærðfræði mikilvæg?
- Skólatímanum er varið í fræðileg viðfangsefni auk verklegra greina eins og heilsu, hreyfingu, listir og handverk. Er eitthvað sem ekki er kennt í skólum sem þið mynduð vilja bæta við?

Stafarugl dagsins

Við hvað vinnur pabbinn?
Bókstafur 5 fer í reit nr. 12



9. desember

Dorothy frá Líberíu

Dagur í lífi Dorothy

Í dag ætlum við til Afríku, nánar tiltekið til Líberíu sem er land í vesturhluta Afríku. Í Líberíu er mun hlýrra en á Íslandi en þar er hitabeltisloftslag og því heitt allan ársins hring. Í myndbandi dagsins fáum við að kíkja til Dorothy sem býr í barnaþorpi í Líberíu. Borgarastyrjöld sem geisaði í mörg ár hefur gert það að verkum að mörg börn í Líberíu hafa ekki fengið menntun. Jafnvel þó að nú ríki friður eru enn margir sem ekki ganga í skóla. Dorothy er meðal þeirra heppnu sem fá að ganga í skóla. Í myndbandi dagsins fáum við að fylgja henni í gegnum venjulegan dag í lífi hennar.



Umræðupunktur

- Þekktuð þið einhver af dýrunum sem þið sáuð í myndbandinu? Búa einhver þeirra á Íslandi? Hefur einhver ykkar séð villt afrísk dýr? Til dæmis í dýragarði?
- Dorothy sefur undir flugnaneti – munið þið af hverju? Eru svona hættulegar flugur á Íslandi?
- Sáuð þið Dorothy gera eitthvað í myndinni sem þið eruð von að gera á hverjum degi? Gerði hún eitthvað sem er ólíkt ykkar venjum?
- Dorothy er mjög ánægð með að fá að fara í skóla, það eru nefnilega ekki öll börn í Líberíu sem fá það – af hverju haldið þið að það sé?
- Hvernig væri það ef þið fengjuð ekki að ganga í skóla? Hvers mynduð þið sakna mest?
- Hverjar eru neikvæðu afleiðingarnar fyrir landið ef mörg börn fá ekki skólagöngu?

Stafarugl dagsins

Hvað heitir stelpan sem við fengum að kynnst í dag?
Bókstafur 6 fer í reit nr. 13



10. desember

Valdir teiknar

Teikna burt erfiðar tilfinningar

Það er ekki alltaf auðvelt að tala um það hvernig manni líður. Stundum líður manni líka eins og orðin festist í hálsinum og stundum er bara ómögulegt að útskýra tilfinningarnar sínar. Þá getur verið gott að setjast niður og teikna. Í dag ætlum við að hitta strák sem finnst mjög gaman að teikna, sérstaklega þegar honum líður ekki vel.

Umræðupunktur

- Hvað finnst ykkur gaman að teikna?
- Hefur einhver ykkar prófað að teikna tilfinningu eða einhverja hugsun? Er það létt/erfitt, gott/slæmt?
- Hvað gerist þegar maður setur erfiðar tilfinningar eða hugsanir niður á blað?
- Getið þið komið með uppástungu um hvað maður getur gert ef manni líður illa eða eitthvað er erfitt? (dansa, hlaupa, skrifa ljóð, hoppa á trampólíni, fara í fótbolta, körfubolta, handbolta, tala við fjölskyldu/vini).
- Þekkið þið einhvern listamann sem er þekktur fyrir að teikna/mála? (Muggur, Erró, Kjarval, Leonardo da Vinci).

Stafarugl dagsins

Hvað heitir „verkfærið“ sem þú notar til að mála með?
Síðasti bókstafurinn fer í reit nr. 2



11. desember

Dina ætlar að verða kennari

Val Dinu

Í dag ætlum við að hitta Dinu. Hún er 12 ára og býr í litlum bæ í Bosníu-Hersegóvínu sem heitir Srebrenica. Hana langar til að verða kennari en veit að hún mun sakna vina sinna, fjölskyldu og heimahaganna mjög mikið ef hún flytur til Sarajevó til að læra að verða kennari. Hana langar helst ekki að flytja frá bóndabænum og Srebrenica en eins og staðan er núna þá eru ekki miklir atvinnumöguleikar þar.



Umræðupunktur

- Er einhver hér sem veit hvað hann/hana langar til að verða þegar hann/hún verður eldri? Hvers vegna langar ykkur til þess?
- Hefur einhver annar áhrif á val ykkar á því sem þið viljið gera?
- Dina talar um mikilvægi skólagöngu og menntunar til að maður geti orðið það sem mann langar til. Eruð þið sammála um að skólinn sé mikilvægur eða getur maður bjargað sér án þess að hafa gengið í skóla? Eru til störf sem maður getur unnið við sem fullorðinn einstaklingur án þess að hafa gengið í skóla?
- Eru aðrar ástæður fyrir því að skólaganga er mikilvæg? (maður þroskast og vex sem einstaklingur, maður eignast vini, lærir um félagsleg samskipti, hvernig á að leysa ágreining og margt fleira).
- Hvað finnst ykkur skemmtilegast við skólann? Er eitthvað sem ykkur finnst leiðinlegt? Getur maður gert eitthvað til að gera hluti sem manni finnst leiðinlegir verða meira spennandi?
- Hvað þarf til að okkur líði vel í skólanum og að okkur finnist skemmtilegt að læra?

Stafarugl dagsins

Í hvaða bæ býr Dina?
Bókstafur 8 fer í reit nr. 7



14. desember

Amra, Amir, Amira

Langur gangur í skólann

Öll börn eiga rétt á menntun. Það stendur í 28. gr. Barnasáttmálans. Undanfarin ár hefur mikið verið gert til að tryggja börnum um allan heim þessi réttindi. Fleiri börn en nokkru sinni fá nú að ganga í skóla. En það er ekki nóg að fá bara skrifborð til að sitja við í einhverjum bekk. Börn geta ekki lært ef þau hafa ekki borðað nægan mat í langan tíma eða ef þau eru áhyggjufull eða kvíðin vegna veikinda foreldra. Ef þau hafa ekki almennilegan stað til að sinna heimanámi eða engan til að aðstoða sig við það. Eða ef það tekur of langan tíma að fara í skólann.

Í dag ætlum við að heimsækja þrjú systkini sem búa í Bosníu-Hersegóvínu. Það er nokkuð langt fyrir þau að ganga í skólann. Á veturna þegar það er mikill snjór getur verið erfitt að komast áfram. Í fyrravetur fjallaði bosnísk sjónvarpsstöð um leið Amir, Amra og Amira í skólann. Þegar við kíkjum í heimsókn til þeirra er sem betur fer vor og þó svo að vegurinn sé langur er auðvelt að ganga hann – sérstaklega þegar þau eru þrjú samferða.

Umræðupunktur

- Hvað er gott við að hafa einhvern sem gengur með manni í og úr skóla?
- Er mikilvægt að hafa einhvern til að ganga í og úr skólanum?
- Mörg börn í heiminum þurfa að ganga svo langa leið í skólann að þau þurfa að fara mjög snemma á fætur. Getur fullorðna fólk gert eitthvað í því? (byggt skóla nær börnunum, boðið upp á fría skólabíla.)
- Stundum tekur það of langan tíma að fara fram og til baka í skólann á hverjum degi og þá gista börnin á virkum dögum í skólanum, í svokallaðri heimavist. Þar passar fullorðið fólk upp á börnin á virku dögnum og svo fara þau aftur heim til fjölskyldna sinna um helgar. Hvernig haldið þið að ykkur liði að búa annars staðar en heima hjá ykkur á virkum dögum?

Stafarugl dagsins

Á hverju situr Amira er hún bíður eftir systkinum sínum?

Bókstafur 1 fer í reit nr. 3

Bókstafur 2 fer í reit nr. 6



15. desember

Lífið í Sýrlandi

Flótti og skólaganga


Í stríðum, átökum og hamförum eru börnin alltaf stærstu fórnarlömbin. Eins og í Sýrlandi þar sem mörg börn upplifa hræðslu á hverjum einasta degi og fjöldi barna hefur þurft að flýja heimili sín og er á flóttu. Það er mikilvægt að fullorðna fólkið sjái hversu mikið börnin skaðast við slíkar aðstæður og geri allt til að ljúka stríðinu sem fyrst.

Umræðupunktur

- Í Sýrlandi hefur verið stríð síðan 2011. Hver er ástæðan fyrir stríðum?
- Vegna stríðsins hafa milljónir íbúa þurft að flýja landið. Hvað þýðir að vera flóttamaður?
- Hvernig haldið þið að venjulegur dagur sé hjá flóttafólki?
- Hvað getum við gert fyrir flóttafólk?

Stafarugl dagsins

Á sýrlenska fánanum eru tvær grænar _____
Bókstafur 4 fer í reit nr. 1



16. desember

Ísak og Samúel frá Eþíópíu

Tvíburarnir hans Kalla

Samkvæmt Barnasáttmálanum eiga börn sem ekki njóta umönnunar fjölskyldu sinnar rétt á því að um þau sé hugsað af fólki sem ber virðingu fyrir trúarskoðunum þess, menningu, tungumáli og öðru sem varðar líf barnsins. Það eru mörg börn um allan heim sem af einhverri ástæðu geta ekki búið með fjölskyldu sinni og því er mikilvægt að hægt sé að finna öruggan stað fyrir þau þar sem þau fá að búa við ást og umhyggju umsjónaraðila.

Árið 2012 var Íslendingurinn Karl Jónas Gíslason eða Kalli, að störfum í Eþíópíu þegar til hans kemur gömul kona með 4 daga gamla tvíbura sem hún vildi að hann tæki að sér því enginn í fjölskyldunni eða þorpinu vildi annast þá. Kalli var hins vegar bara staddur tímabundið í Eþíópíu og þurfti því að finna varanlegt heimili fyrir strákana tvo. Upp hófst mikið ævintýri sem endaði sem betur fer vel og strákarnir tveir búa nú ásamt SOS mómmu sinni og fleiri systkinum í SOS Barnaþorpi í Hawassa.

Börn eru viðkvæmur hópur sem þarfnast sérstakrar verndar. Nýfædd börn eru algjörlega háð umönnun fullorðinna aðila til þess að lifa af. Þó amman hafi ekki þorað að annast og ala upp tvíburana vegna hræðslu við bölvun þá vildi hún koma þeim í öruggar hendur svo þeir fengju tækifæri til að lifa.

Umræðupunktur

- Hvers þarfnast nýfædd börn?
- Hafið þið einhvern tímann passað eða aðstoðað við að passa lítil börn (yngri systkini eða frændsystkini)?
- Hvernig haldið þið að Kalla hafi liðið þegar hann fékk tvíburana í fangið?
- Hvernig haldið þið að tvíburunum líði í dag?

Stafarugl dagsins

Hvað heitir höfuðborg Eþíópíu?
Bókstafur 1 fer í reit nr. 9

Stafarugl 2020

Hvert er lausnarorðið í ár?

Á hverjum degi geta nemendur svarað spurningu tengdri myndbandi dagsins. Svarið gefur þeim 1-2 bókstafi að launum sem færa má inn í viðeigandi reiti hér að neðan.

Þegar allir stafir eru komnir á sinn stað kemur lausnarorðið í ljós.

Kennarar geta svo sent svarið á hjordis@sos.is í síðasta lagi 17. desember. Dregið verður úr réttum lausnum föstudaginn 18. desember.

--	--	--

1 2 2

--	--	--	--

3 1 4 5

--	--	--	--

6 7 8 9

	É		
--	---	--	--

4 10 10

--

11

--	--	--	--	--	--	--

1 4 12 8 8 12

--	--	--	--	--	--	--

13 6 7 14 7 2 7

Öðruvísi
Jóladagatal
-Sælla er að gefa en þiggja